


# Hjarta Vesturbæjarins

## Nýtt deiliskipulag fyrir KR-svæðið

**Lúðvík S. Georgsson, formaður KR**

# KR-ingar hafa metnað til þess að bjóða upp á íþróttastarf í fremstu röð

## Íþrótta- og uppeldisstarf

- Fjölbreytt íþróttastarf fyrir íbúana og þá aðallega börnin í hverfinu
- Aðstaða, þjálfun og stuðningur eins og best þekkist á Íslandi

## Félagsstarf

- KR vill bjóða upp öflugt félagsstarf fyrir íbúana í hverfinu og vera reglulegur samastaður Vesturbæinga hvort sem er í kringum íþróttastarfið eða annað starf í hverfinu

## Afreksstarf

- KR hefur metnað til þess að ná árangri í keppni í íþróttum og stilla upp keppnisliðum í afreksíþróttum sem KR-ingar og Vesturbæingar geta verið stoltir af

# KR-ingar eru stoltir af frumkvöðla-starfsemi félagsins í gegnum tíðina



Fyrsta knattspyrnufélagið (**1899**)



Fyrst félaga til að eignast félagssvæði (**1939**)




Fyrst félaga til að byggja stúku á eigin velli (**1993**)




Samningur um byggingu fjölnota íþróttahúss (**2021**)



Fyrst félaga til að eignast félagsheimili (**1929**)



Fyrsti keppnisvöllur félags og íþróttahús 2 árum síðar (**1951-53**)



Glæsilegt keppnis-íþróttahús tekið í notkun (**1999**)



Nýtt deiliskipulag á KR-svæðinu fer í auglýsingu (**2022**)

# Aðstaða deildanna í KR hefur á síðustu 20 árum orðið helsti veikleiki félagsins




Uppbygging á KR svæðinu hefur verið lítil sem engin og KR hefur fyrir vikið farið úr því að vera með glæsilegustu æfinga- og keppnisaðstöðu landsins í að vera **félag með annars flokks aðstöðu sem á erfitt með að veita hverfinu þá þjónustu sem metnaður félagsins stendur til**

# Þetta sést skýrt í tölum um íþróttamannvirki í hverfum Reykjavíkur

**Fasteignamat íþróttamannvirkja eftir hverfum** (milljarðar kr.)



# KR hefur unnið að því í áratug að þróa uppbyggingaráætlun fyrir svæðið




KR hefur unnið að því undanfarinn áratug að þróa uppbyggingaráætlun fyrir svæðið **með það að markmiði að búa til aðstöðu sem gerir félaginu kleift að halda úti íþróttastarfi í fremstu röð á Íslandi** – og styrkja þjónustu við Vesturbæinn. Síðustu árin höfum við notið stuðnings borgarinnar við það verkefni

# Nú liggur loks fyrir nýtt deiliskipulag

- Auk **íþróttasvæðis** er KR-svæðið nú skilgreint fyrir íbúðabyggð, og verslun og þjónustu fyrir vesturbæ Reykjavíkur
- Meginmarkmiðið með breytingunni er að:
  - Efla Vesturbæinn sem **sjálfbært hverfi**
  - Tryggja **aukið framboð íbúðarhúsnæðis** sbr. húsnæðisáætlun Reykjavíkur
  - Stuðla að **bættri nýtingu svæða innan borgarinnar** sbr. markmið aðalskipulagsins um uppbyggingu þéttrar og blandaðrar byggðar
- Skapa svigrúm til uppbyggingar KR með **sölu á íbúðar- og þjónustuhúsnæði**

# Hvað þýðir svo nýtt deiliskipulag fyrir KR?

- KR býðst **einstakt tækifæri um uppbyggingu á KR-svæðinu**:
  - Skapa íþróttaaðstöðu í takt við þá **bestu á landinu**
  - Jafnframt styrkja **rekstrargrundvöll félagsins**
- KR-svæðið er endurskipulagt frá grunni **á heildrænan hátt** fyrir hverfið
- **Sala á íbúðum og þjónusturými** getur fjármagnað uppbyggingu utan ramma Reykjavíkurborgar og aukið þjónustuframboð á KR-svæðinu
- **Íþróttaaðstaða** í samræmi við kröfur dagsins í dag og næstu framtíðar fyrir:
  - Stóru deildirnar og ekki síður minni deildir félagsins
  - Uppeldi yngri kynslóðarinnar jafnt sem afreksstarf
- Með þessu verður .....

**KR-svæðið að hjarta Vesturbæjarins**

# Nýtt endurskoðað deiliskipulag



# KR-svæðið – horft til norðurs í dag



# KR-svæðið – horft til norðurs – fullbyggt samkvæmt skipulagi



# KR-svæðið – horft til austurs – fullbyggt samkvæmt skipulagi



# Kaplaskjólsvegur – að framkvæmdum loknum



# Lykilstærðir

- Fjölnota íþróttahús (hálfur völlur) – stærð **4.800 $m^2$**
- Tengigangur á 2 hæðum um **1.000 $m^2$**
- Leikvangi **snúið um 90°** – yfirborð upphitað – væntanlega með **gervigrasi**
- Flóðlýsing á velli **samkvæmt kröfum FIFA**
- Stúkur með langhliðum fyrir um **4.000 áhorfendur** – æfingasvæði undir stúkum
- Íbúðir um **100.000 $m^2$** eða um **100 talsins** auk **þjónustuhúsnæðis** á 1. hæð
- Nýtt íþróttahús **2.200 $m^2$** í stað eldri salar
- Félagsaðstaða **stóraukin** með nýrri viðbyggingu
- Æfingasvæði – **hálfur grasvöllur og tveir sparkvellir**
- Bílastæði **120** talsins – hjólastæði **368**

# Næstu skref

- **Grenndarkynning** – væntum þess að deiliskipulagið hljóti góðar undirtektir
- Undirbúningur framkvæmda – nýttum veturinn til að rýna verkefnið og kostnað
- Viljum byrja framkvæmdir **næsta haust**
    1. áfangi – fjölnota íþróttahús og tengigangur
    2. áfangi – leikvangur með keppnisvelli
    3. áfangi – endurbætt félagsaðstaða og aðkoma
    4. áfangi – nýr íþróttasalur í stað þess eldri
    5. áfangi – æfingavöllur og sparkvellir
- Vesturbærinn er **gróið hverfi** – þar verða framkvæmdir að ganga hratt fyrir sig
- KR hefur **setið lengi á hakanum** hjá Reykjavíkurborg – við það verður ekki unað lengur
- **16. feb. 2024 verður KR 125 ára** – þá viljum við að klippa á fyrstu borðana





**Saga KR fjallar um brautryðjendur og sigurvegara og góða þjónustu við Vesturbæinn**

**Með þeim framkvæmdum sem hér hafa verið kynntar ætlar KR tryggja að svo verði áfram**





